

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Fimmtudaginn 12. júní 2003 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 08³⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson og Magnús B. Jónsson.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana Höfðahrepps.

Á fundinn var mætt Bryndís B. Guðjónsdóttir frá Pricewaterhouse Coopers ehf.

Fyrir fundinum lágu drög að ársreikningi sveitarsjóðs og stofnana Höfðahrepps sem Bryndís B.

Guðjónsdóttir kynnti. Hún gerði grein fyrir breyttri framsetningu reikningsins og rakti helstu lykiltölur reikninganna. Hún greindi einnig frá hvernig reikningsskil voru gerð og með hvaða hætti eignir sveitarfélagsins voru reiknaðar til eignar skv. nýjum reikningsskilareglum. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum voru tekjur sveitarsjóðs samtals 236.735 þús. gjöld námu 225.713 þús. Fjármagnsliðir námu 126.162 þús. og heildarniðurstaða var því 137.184 þús. Niðurstaða samstæðu nam 121.514 þús.

Mikil umræða varð um ársreikninginn og farið yfir heildarniðurstöður og einstaka liði.

Hreppsnefnd samþykkti að vísa ársreikningi til annarrar umræðu.

2. Kosning oddvita og varaoddvita

Fyrir var tekin kosning oddvita og varaoddvita.

Adolf H. Berndsen var kosinn oddviti og Jensína Lýðsdóttir varaoddviti.

3. Önnur mál.

Samþykkt að halda borgarafund í Fellsborg mánudaginn 16. júní n.k. kl 20.30.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 11⁰⁰

Magnús B. Jónsson

(sign)

Adolf H. Berndsen

(sign)

Gunnar Þór Gunnarsson

(sign)

Jensína Lýðsdóttir

(sign)

Birna Sveinsdóttir